

## 4. fundur skólaráðs skólaárið 2022-2023 - 17. maí kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Svala Fanney Njálisdóttir, Þorsteinn Björnsson, Gyða Dröfn Árnadóttir, Móeiður Alma Gísladóttir.

Sigurður Baldur Þorsteinsson, Birgir Húni Haraldsson og Stefán Hrafn Stefánsson voru fjarverandi.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Svala Fanney Njálisdóttir

### 1. Mat á skólastarfi og umbótaáætlun

Búið að leggja kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, annars vegar í haust og hins vegar núna í apríl. Niðurstöður á yngra stigi (2.-5. bekk) í haust voru mjög neikvæðar og marktækt undir meðaltali í öllum matsþáttum; ánægju af lestri, ánægju með skólann og vellíðan í skólanum, sem er áhyggjuefni. Niðurstöður í 6.-10. bekk yfirleitt í meðallagi miðað við landið allt, nema þegar kemur að ánægju af lestri, þar er niðurstaðan marktækt undir landsmeðaltali. Ljóst að viðhorf til lesturs er almennt mjög neikvætt og nauðsynlegt fyrir okkur að reyna að leita leiða til að laga það, í samráði við foreldra. Þá er neikvæðar niðurstöður á yngra stigi þegar kemur að vellíðan í skóla og ánægju með skólann mikil vonbrigði, því þessir þættir hafa yfirleitt komið vel út í öllum könnunum hjá okkur.

Skólaráð velti fyrir sér leiðum til úrbóta og vitundarvakningar um mikilvægi lesturs í skólasamfélaginu. Mögulega væri hægt að halda foreldrafund í haust til að reyna að sporna við þessari þróun. Stefnt að því að taka málið upp í haust.

Einnig hafa verið skoðaðar niðurstöður úr t.d. Olweusarkönnun, lesfímiprófum sem lögð eru fyrir reglulega, og fleira í þeim dúr. Þá skoðuðum við í sameiningu skýrslu um innra mat síðasta árs og tillögur til umbóta á kennarafundum. Stefnan var að gera það reglulega og ræða og vinna markvisst að þeim umbótatillögum sem þar voru settar fram, en það hefur ekki gengið sem skildi. Þessu skylt var gerð skoðanakönnun á meðal foreldra varðandi viðhorf til vettarfrís og voru afgerandi niðurstöður sem leiddu í ljós almenna ánægju með það.

Skýrsla um innra mat ársins og umbótaáætlun verður unnin í vor og stefnan að vinna með þær tillögur á komandi skólaári.

### 2. Skóladagatal og hópaskipting

Skóladagatal lagt fram og samþykkt. Að mestu leyti í samræmi við skóladagatal yfirstandandi skólaárs.

Hópaskipting: 3 hópar, skipt eftir stigum, teymiskennsla og -vinna á hverju stigi. Stefnt er að því að skerpa betur á skiptingu á yngsta stigi og ljóst að fjöldi nemenda á unglíngastigi kallar að einhverju leyti á frekari skiptingu þar líka. Fjöldi nemenda þar kallar einnig á lausnamiðaða hugsun þegar kemur að stofuskipan og nýtingu húsnæðis.

Óbreytt stundaskrá og skipulag varðandi matarmál, hreyfistundir að morgni o.s.frv. - áfram unnið að þróun hreyfistunda með fjölbreytni og gleði í fyrirrúmi.

Valgreinar með svipuðu sniði en þó reiknað með þremur lotum í stað fjögurra. Reynt verður að bjóða upp á fjölbreytt val við sem flestra hæfi.

### 3. Starfsmannamál

Tveir kennarar verða í fæðingarorlofi stóran part af næsta vetri og þarf að ráða í afleysingar í þeirra stað. Þá kalla aðrar breytingar sem og framlengin á leyfum á að auglýst var eftir umsjónarkennara á yngsta stigi. Verið er að vinna að því að ganga endanlega frá starfsmannamálum komandi skólaárs.

### 4. Önnur mál

#### a. Símareglur

Á kennarafundi sköpuðust nokkrar umræður um símareglur í skólanum og hvort tilefni væri til þess að breyta þeim. Nemendur í 7.-10. bekk mega hafa síma í skólanum og nota í frímínútum og einnig með leyfi kennara þegar svo ber undir. Ljóst að miklar breytingar hafa orðið á skömmum tíma og áreiti frá slíkum tækjum aukist mikið, svo mikið að kennarar telja þau stela athygli nemanda í allt of ríkum mæli. Í dag hafa einnig allir nemendur aðgang að tækjum í skólanum og því ljóst að forsendur hafa breyst umtalsvert frá því núverandi reglur voru settar. Rætt um að taka málið upp í haust í samráði við nemendur og foreldra, og endurskoða mögulega reglur um símanotkun í skólanum.

#### b. Endurmenntunarsjóður

Skólinn hefur fengið úthlutun úr Endurmenntunarsjóði fyrir tveimur verkefnum sem sótt var um. Annars vegar um "Jákvæða leiðtoga - hvernig öllum við upp öfluga og sjálfstæða nemendur" og hins vegar "ADHD - hagnýt fræðsla fyrir starfsfólk". Stefnt að því að fara í bæði verkefnin í ljósi þess að úthlutun fékks, en nákvæmt fyrirkomulag liggur ekki fyrir.

#### c. Framkvæmdir á skólalóð

Þorgeir fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á skólalóðinni og leist fulltrúum skólaráðs vel á þær tillögur sem settar voru fram.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14:45.